





markmið  
& stefna



UMHVERFISSTOFNUN

2013  
2014  
2015  
2016  
2017

*Það er mér sönn ánægja að kynna nýja stefnu Umhverfisstofnunar til næstu fimm ára. Í henni eru langtímamarkmið fyrir umhverfi og náttúru Íslands og yfirlit um þær aðgerðir sem við munum beita til að ná árangri.*

Síðast þegar ný áætlun var samþykkt hrundi fjármálakerfi landsins. Það átti eftir að hafa talsverð áhrif á stofnunina. Niðurskurður leiddi til aukins álags á starfsfólk, sem var ærið fyrir, en á sama tíma var aukinn skilningur á mikilvægi þess að opinberar stofnanir létu til sín taka. Við fengum stuðning og þrýsting frá opinberum aðilum og almenningi. Eftirlit var hert og mikilvægar framkvæmdir á friðlýstum svæðum komust í verk. Við erum nú leiðandi í Evrópu hvað varðar upplýsingagjöf um mengandi starfsemi. Þær breytingar sem voru gerðar fyrir fimm árum hafa skilað sér í öflugri og skilvirkari stofnun. Og nú ætlum við okkur enn lengra.

#### **Hér eru nokkur dæmi um mál sem eru á okkar könnu**

- » *Það stefnir í allt að fjögurra gráðu hækkun á hitastigi jarðar*
- » *Á Íslandi er að finna marga villta dýrastofna sem okkur ber að vernda*
- » *Náttúra Íslands er í mörgu einstök á heimsmælikvarða og dregur fjölda ferðamanna til landsins*
- » *Rannsóknir leiða sífellt betur í ljós neikvæð áhrif mengunar og margvíslegrar efnanotkunar á umhverfi og heilsu*
- » *Hreint loft, vatn og haf eru meðal mikilvægustu auðlinda Íslands*

Auk þessara mála sinnum við gríðarlegum fjölda fjölbreytilegra verkefna sem lesa má um í þessu stefnuriti. Stefnan er byggð á stefnu stjórnvalda, greiningu á árangri af fyrri stefnu og hagsmunaaðilakönnun svo eitthvað sé nefnt.

Verkefni stofnunarinnar eru þess eðlis að þau kalla á samstarf, samvinnu og skyldurækni af hálfu nær allra aðila samfélagsins. Mörg þeirra eru flókin og krefjast samræmingar og samþættingar margra aðila ef árangur á að nást. Við leggjum áherslu á bættu þjónustu, sveigjanleika og skilvirkni í okkar störfum.

Þörf fyrir upplýsingar fer vaxandi og mjög mikilvægt er að þær séu nytsamlegar og reglulega uppfærðar. Rannsóknarstofnanir gegna lykilhlutverki í að veita Umhverfisstofnun, löggjafanum og öðrum viðkomandi stofnunum nauðsynlegar upplýsingar um ákvarðanatöku og stefnumótun.

Þörf almennings fyrir upplýsingar er ekki síður mikil. Mörgum áföngum hefur þegar verið náð í þeim efnum. Á næstu árum munum við auka enn frekar aðgengi að upplýsingum. Við ætlum okkur

að koma þeim á framfæri á mannamáli og með þeim hætti að þær vekji áhuga og auki þekkingu þeirra sem þurfa á að halda.

Við ætlum okkur að viðhalda umhverfisgæðum og bæta þau. Eftirlit hefur verið hert og verður gert enn skilvirkara. En við þurfum líka að nota hvetjandi aðgerðir til að ná árangri. Frumkvæði í að upplýsa um stöðu mála í eftirliti hefur hvetjandi áhrif á fyrirtæki og eykur þekkingu almennings á mengunarmálum.

Það skiptir máli að horfa fram á veginn og sjá fyrir helstu vandamál. Það er mun betra fyrir umhverfi og samfélag að koma í veg fyrir að vandamál skapist heldur en að hreinsa þau upp síðar. Stefna okkar til næstu fimm ára segir bæði okkur og öðrum hvaða verkefni verða í forgangi. Því miður er okkur þröngur stakkur skorinn og þá skiptir miklu að forgangsraða rétt.

Stefnan er sett á grænt hagkerfi og grænt samfélag. Það er von okkar að á næstu fimm árum muni stofnunin vaxa og dafna og ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Með jákvæðu hugarfari, samvinnu og samstarfi við lykilaðila trúum við því að markmið okkar náist og gott betur, ef allir leggjast á eitt.

Kristín Linda Amadóttir



## Leiðandi stofnun

Hreint loft og  
takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Verndun  
náttúru og  
líffræðilegrar  
fjölbreytni

Hreint haf  
og vatn

### UMHVERFISSTOFNUN

Við gegnum leiðandi  
hlutverki í sjálfbærri þróun í  
samfélaginu í þágu allra  
landsmanna og  
náttúrunnar.

Heilnæmt  
umhverfi

Sjálfbær nýting  
auðlinda

Grænt samfélag

Samþætting og eftirfylgni

Við höfum sett fram sex markmið sem endurspeglu meginviðfangsefni okkar í umhverfismálum. Þau eru studd af tveimur markmiðum sem snúa að samvinnu, verklagi og aðbúnaði til þess að ná árangri.

# GILDI UMHVERFISSTOFNUNAR

*Fagmennska* Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almenningss til upplýsinga um öll okkar störf.

*Framsýni* Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

*Samvinna* Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.

*Virðing* Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heiðarleika og sanngirni.


# *hvað gerum við?*

Við samræmum vinnu við stjórn vatnsgæða og vinnu við að viðhalda og bæta vatns- og hafgæði. Við höfum umsjón með vöktun og innleiðum alþjóðareglur um hafið og fylgjum þeim eftir. Sinnum viðbrögðum við bráðamengun í hafi.

# *hreint haf & vatn*

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint. Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

# árangursvísar



- » Styrkur þrávirkra lífrænna efna í þorski
- » Styrkur næringarefna í yfirborðssjó
- » Meðhöndlun dýpkunarefnis og heildarmagn
- » Fjöldi vatna undir álagi
- » Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatns

markmið

*komið á samræmdri stjórn vatnamála  
allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið  
á lands- og alþjóðavísu*

*mikil hafgæði á Íslandsmiðum  
haldist áfram*

*viðbúnaður við bráðamengun  
verði í takt við áhættu*

- 2017 Endurnýjun / uppbygging mengunarvarnabúnaðar  
Gæðaflokkun vatnshlota
- 2016 Úrbætur í umsjón með fráveitumálum  
Vöktunaráætlun til framkvæmdar
- 2015 Vatnaáætlun staðfest  
Endurskoðað áhættumat siglinga  
Viðbragðsáætlanir hafna (>80%)
- 2014 Samstarfshópur um fráveitumál  
Reglur um loftmengun frá skipum
- 2013 Stöðuskýrsla um ástand vatns  
Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar uppfærð



# hvað gerum við?


Við fylgjum eftir reglum um efni, efna-  
blöndur og efni í hlutum. Við veitum  
markaðsleyfi fyrir varnarefni. Stuðlum að  
samræmingu heilbrigðiseftirlits, veitum  
umsagnir og leiðbeiningar um hollustu-  
hætti. Við upplýsum neytendur um  
hvernig þeir velja vörur án efna sem geta  
haft neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu  
manna.

## árangursvísar

- » Innflutningur hættulegra efna
- » Fjöldi útgefinna markaðsleyfa  
fyrir varnarefni
- » Fjöldi umsagna um undanþágur
- » Útstreymi HCB-efna

### ÚTSTREYMI HCB-EFNA Á ÍSLANDI

GRÖMM



# heilnæmt umhverfi

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla  
og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og  
heilsu manna. Tryggja að á markaði séu ekki  
efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni.  
Við stuðlum að því að framleiðendur séu  
meðvitaðir um skyldur sínar og almenningur  
upplýstur um rétt sinn. Við vinnum að bættri  
hollustuvernd með samræmingu og í sam-  
starfi við heilbrigðisnefndir.

markmið

*heilnæmara umhverfi með skýrari  
reglum og færri undanþágum  
dregið verði úr notkun hættulegra efna  
koma ábyrgum upplýsingum um  
efni í vörum til almennings  
framleiðendur og innflytjendur uppfylli  
skyldur sínar með ábyrgum hætti*

2017 Könnun á þekkingu almennings á nýjum hættumerkjum  
Handbók um hollustu-hætti fyrir eftirlitsaðila

2016 Gagnagrunnur um innflutning og notkun hættulegra efna  
Leiðbeiningar og viðmið fyrir innloft

2015 Uppfærsla á vefefni um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit  
Aðgerðaáætlun til að draga úr notkun varnarefna

2014 Eftirlitsáætlun fyrir efnaeftirlit  
Kynningarátak um rétt neytenda til upplýsinga um hættuleg efni í vörum

2013 Kynning á nýjum reglum um flokkun, merkingu og öryggisblöð  
Eftirfylgni með kortlagningu hávaða á vegum og í þéttbýli

# *hvað gerum við?*


Við vöktum loftgæði, skráum og birtum upplýsingar um losun efna í andrúmsloftið (losunarbókhalld). Sinnum eftirliti með losun gróðurhúsalofttegunda hjá stóriðju og flugi. Við sjáum um viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS).

# *hreint loft* *& takmörkun* *gróðurhúsaáhrifa*

Við viljum hreint loft hvar sem er á landinu. Loftgæði verða að standast kröfur á landsvísu og alþjóðamælikvarða. Íslendingar eiga að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar í loftslagsmálum. Upplýsingar um loftgæði og loftslagsmál verða aðgengilegar öllum.

## LOSUN GRÓÐURHÚSALÖFTTEGUNDA

ÞÚS. TONN CO<sub>2</sub>-ÍGILDI



## árangursvísar

- » Afkoma Vatnajökuls
- » Styrkur svifryks, köfnunarefnisdíoxíðs og kolmónoxíðs
- » Mælingar á loftgæðum
- » Losun gróðurhúsalofttegunda
- » Styrkur koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>) í andrúmslofti
- » Ársmeðalhiti í Stykkishólmi

markmið

*loftgæði séu góð og standist  
þær kröfur sem gerðar eru*

*losun gróðurhúsalofttegunda verði í  
samræmi við skuldbindingar Íslands*

*almennigur og stjórnvöld séu  
upplýst um stöðu og horfur í  
loftgæðum og loftslagsmálum*

2017	Úttekt á áhrifum ETS kerfisins Könnun um loftgæði
2016	Fjölgun loftgæðamælistöðva Spá um losun gróðurhúsalofttegunda
2015	Aðgerðaáætlun loftmengunarefna Endurskoðuð landsáætlun loftgæða
2014	Loftgæðaupplýsingar á vefkort í rauntíma Heildstætt bókhald um efnalosun í andrúmsloft
2013	Könnun um loftgæði Vefsíða um loftslagsmál



# *grænt samfélag*

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun. Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerktar vöru í innkaupum almennings. Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

## *hvað gerum við?*

Við veitum upplýsingar um umhverfismál til almennings og fyrirtækja. Styðjum við vistvæn innkaup opinberra aðila. Við veitum Svansleyfi og söfnum grænu bókhaldi frá aðilum undir eftirliti.

upplýsingar til almennings á mannamáli  
 stuðla að grænna hagkerfi með  
 upplýsingagjöf og leiðsögn  
 auka græna hugsun í samgöngumálum  
 stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu  
 tryggja rétt almennings í íslenskri náttúru

- 2017 Útbúa áætlun um uppbyggingu innviða á ákveðnum fríðlýstum svæðum með áherslu á lýðheilsu og fjölskylduvænar aðstæður
- 2016 Útbúa kynningarefni fyrir sveitarfélög um kosti fjölgunar fólkvanga
- 2015 Kynningarefni um kosti hagrænna hvata fyrir viðskiptavinum okkar  
 Leiðbeiningar fyrir lítil fyrirtæki um vottunarkerfin EMAS og ISO 14001
- 2014 Koma á innkaupaklúbbi Svansins  
 Gerð kynningar-efnis um hvernig stofnanir geta náð árangri í grænum rekstri
- 2013 Kynningarátak um betri nýtingu lífræns úrgangs  
 Kynning á Svaninum fyrir dagvöruverlanir

## árangursvísar

- » Grænt bókhald
- » Fjöldi Svansleyfa
- » Þekking á umhverfismerkjum

### FJÖLDI SVANSLEYFA Á ÍSLANDI



# hvað gerum við?


Við rekum starfsstöðvar víða um land, m.a. á friðlýstum svæðum. Við veitum leiðbeiningar og höfum eftirlit með friðlýstum svæðum. Sinnum landvörslu og verndarráðstöfunum og höfum umsjón með sjálfbóðaliðum í náttúruvernd.

Veitum leyfi til framkvæmda, rannsóknar og myndatöku á friðlýstum svæðum. Við vinnum að friðlýsingu svæða og tegunda.

## árangursvísar

- » Fjöldi og flatarmál friðlýstra svæða
- » Endurheimt votlendissvæði (ha)
- » Stærð hafnarstofnsins
- » Fjöldi landvarða- og sjálfbóðaliðavikna
- » Lúpinulaus friðlýst svæði
- » Tölfræði um refaveiðar
- » Fjöldi/hlutfall verndar- og viðbragðsáætlana fyrir friðlýst svæði

## ARNARÓÐUL Í ÁBÚÐ



# verndun náttúru & líffræðilegrar fjölbreytni

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir. Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu. Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður eft. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

markmið

hefta útbreiðslu minks,  
skógarkerfils og lúpinu  
bætt stjórnun refaveiða  
tryggja að erfðabreyttar lífverur  
dreifist ekki í náttúrunni  
koma á neti verndarsvæða  
verndaráætlanir fyrir öll friðlýst svæði  
stýring álags á náttúru vegna ferðamanna  
auka eftirlit, vöktun og umsjón  
með friðlýstum svæðum

- 2017** Fullnægjandi upplýsingar um refaveiðar liggja fyrir  
Friðlýst svæði undir álagi vegna ferðamennsku allt árið eru með landvörslu
- 2016** Verndaráætlanir fyrir 40 friðlýst svæði  
Jarðminjasvæði friðlýst
- 2015** Gagnagrunnur um verklag við framkvæmdir á friðlýstum svæðum  
Uppræting lúpinu á sex svæðum
- 2014** Aukning í landvörslu  
Verndaráætlanir fyrir 20 friðlýst svæði
- 2013** Aðgerðaáætlun til að hefta úrbreiðslu minks, skógarkerfils og lúpinu  
Upplýsingum um refaveiðar safnað



# *hvað gerum við?*

Við gefum út starfsleyfi og höfum eftirlit með förgunarstöðum úrgangs og meðhöndlun spilliefna. Við höldum utan um gögn um magn úrgangs og vinnum tillögu að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Við samþykkjum tilkynningar um innflutning, útflutning og umflutning úrgangs. Við veitum ráðleggingar um veiðistjórnun og höfum eftirlit með hreindýraveiðum. Við söfnum, geymum og birtum veiðitölur. Einnig tökum við saman upplýsingar um notkun á auðlindum og miðlum.

## *sjálfbær nýting auðlinda*

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

# Árangursvísar

- » Heildarmagn úrgangs
- » Tölfræði um meðhöndlun úrgangs
- » Veiðitölur fyrir rjúpur, hreindýr og sjófugla

## HEILDARMAGN ÚRGANGS

KG Á ÍBÚA



markmið

*efla og bæta úrgangsstjórnun  
draga úr myndun úrgangs  
gera veiðistjórnun skilvirkari  
auka vitund um mikilvægi  
skilvirkrar nýtingar hráefna  
auka eftirlit með hreindýraveiðum*

- 2017 Heildstætt kerfi fyrir auðindabókhald  
Eftirlit með hreindýraveiðum á öllum svæðum yfir veiðitímann
- 2016 Veiðidagbók fyrir farsíma og fartölvur  
Rafrænn skilagrunnur fyrir úrgangsgögn
- 2015 Tillaga að áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs
- 2014 Árlegir fræðslufundir um úrgangsstjórnun  
Rafræn veiðidagbók
- 2013 Fræðslufundir fyrir hagsmunaaðila um úrgangsstjórnun  
Aukið fjármagn í eftirlit með hreindýraveiðum


# hvað gerum við?

Við höfum eftirlit með mengandi starfsemi og gætum þess að mengun sé innan gildandi marka. Við veitum rafræna þjónustu til fyrirtækja og opinberra aðila. Við eigum í samstarfi á sviði umhverfismála við fjölmarga aðila.

## árangursvísar

- » Útstreymi PAH
- » Útstreymi díoxíns
- » Hlutfall rafrænna eyðublaða sem fara í gagnagrunn
- » Tölfræði um frávik og eftirlit

### ÁMINNINGAR Í KJÖLFAR EFTIRLITS



# sambætting & eftirfylgni

Við viljum tryggja bætta framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bætta þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir sambættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.



markmið

skýra hlutverk og samþættingu  
við samstarfaðila

bæta framkvæmd reglna og umbóta

auka rafræna stjórnsýslu

bæta eftirlit með atvinnurekstri  
ásamt markvissri eftirfylgni

draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum  
mannvirkjagerðar

samræma eftirfylgni reglna um náttúruvernd  
við aðferðir á sviði mengunarvarna

- 2017 Setja leyfi og eftirlits-  
skýrslur með fram-  
kvæmdum á friðlýstum  
svæðum á heimasíðu
- 2016 Gagnagrunnur/  
vefgátt fyrir umsóknir  
til Umhverfisstofnunar  
(þ.m.t. starfsleyfi)
- 2015 Bætt samþætting við  
undirbúning mats-  
skyldrar starfsemi  
  
Allar reglugerðir  
og verkefni tengd  
ákvæðnum ábyrgðaraðila
- 2014 Samræmdur  
gagnagrunnur  
fyrir eftirlit tiltækur  
fyrir heilbrigðisnefndir  
  
Kerfisbundin sýnataka  
vegna mengunar-  
eftirlits á vegum Um-  
hverfisstofnunar
- 2013 Skýrir verkefilar til að  
bregðast við brotum  
á náttúruverndar- og  
villidýralögum  
  
Gjalddrá fyrir leyfi  
og eftirlit endurspegli  
raunkostnað í samræmi  
við mengunarbótareglu



# leiðandi stofnun

Við viljum starfa í öflugri stofnun þar sem skipulag, þekking, tæki og tól eru til staðar til að veita landsmönnum góða þjónustu. Við stuðlum að því að vera eftirsóttur vinnustaður sem við erum stolt af og erum fremst á okkar sviði. Við notum gagnsæ og öguð vinnubrögð og leggjum áherslu á að vinna með fólki.

## hvað gerum við?

Við veitum upplýsingar til almennings og framúrskarandi þjónustu. Við viljum góða samvinnu og samráð við samstarfsaðila okkar. Gætum ráðdeildar við nýtingu fjármagns og tryggjum að sem mest fáiist fyrir það sem við höfum til umræða. Störfum í samræmi við virkt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi. Gerum skýrar áætlanir sem eru öllum skiljanlegar og gerum grein fyrir árangri okkar.

markmið


fræða og miðla bestu upplýsingum  
stýra og hvetja í aðgerðum til árangurs  
efla samráð og veita góða þjónustu  
skipuleggja þekkingu, stjórnþæki og verkfæri  
vera til fyrirmyndar í umhverfismálum

- 2017 Samantekt á árangri í að bæta þjónustu Umhverfisstofnunar  
Bjóða upp á rafræna þjónustu í öllum tilvikum
- 2016 Greining á kostum Wiki- upplýsingasöfnunar / miðlunar
- 2015 Vefsíða Umhverfisstofnunar fyrir farsíma og spjaldtölvur  
Áætlun um þjálfun starfsfólks og viðhald þekkingar  
Myndrænar upplýsingar um ástand umhverfisins fyrir vef
- 2014 Greina þörf Umhverfisstofnunar á þekkingu til næstu fimm ára
- 2013 Umgjörð fyrir samstarf við hagsmunaaðila  
Árlegir samráðsfundir með atvinnulífi og umhverfisverndar-samtökum  
Ný fræðslu- og upplýsingastefna

## árangursvísar

- » Málshraði
- » Hlutfall lokinna verkaefna á ársáætlun
- » Hlutfall flokkaðs úrgangs
- » Kynjahlutföll
- » Pappírshotkun
- » Starfsánægjukönnun
- » Tölfræði um símenntun
- » Ímynd Umhverfisstofnunar meðal almennings

### ÚRGANGUR FRÁ UMHVERFISSTOFNUN 2011



# neysla & umhverfisáhrif

Einn stærsti þátturinn í umhverfisáhrifum Íslands er af völdum neyslu almennings. Neysla okkar hefur áhrif á jarðnotkun, orkumál, losun mengandi efna og loftslagsbreytingar svo eitthvað sé nefnt. Draga má úr áhrifunum með skynsamlegri og vistvænni innkaupum. Þannig má líka spara umtalsverðar fjárhæðir.

Þeim vörum sem við kaupum frá degi til dags fylgir oft umtalsverð losun gróðurhúsa-lofttegunda, hvort sem það er við framleiðslu, vinnslu, flutning, geymslu eða förgun.

Allt í kringum okkur eru efni og verðum við fyrir mismunandi áhrifum af þeim. Ýmis efni geta verið hormónaraskandi og jafnvel krabbameinsvaldandi.

Mikil verðmæti liggja oft í því sem við köllum rusl og með því að nýta vel, endurnýta og endurvinna á skynsamlegan hátt má spara auðlindir og draga úr umhverfisáhrifum vegna framleiðslu nýrra vara.

## **REGLA NÚMER EITT, TVÖ OG ÞRjú**

Hugsaðu þig tvisvar um áður en þú kaupir. Stór hluti matar og annars sem við kaupum endar í ruslinu. Geymslur landsins eru fullar af dóti sem aldrei er notað.

# *hvað get ég gert?*

*veldu umhverfismerkt og endurunnið*

*veldu minni og umhverfisvænni umbúðir*

*veldu fjölnota og forðastu einnota*

*nýttu hluti eins lengi og mögulegt er*

*láttu gera við í stað þess að kaupa nýtt*

*veldu innlenda framleiðslu*

*kynntu þér varasöm innihaldsefni í vörum*

